

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar
Heiða Hrund Jack
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1,
400 Ísafirði.

Ísafirði 15. október 2020.

Erindi: Grendarkynning fyrir Engjaveg 7

Nýlega barst okkur, húseigendum að Engjavegi 9 á Ísafirði, bréf frá skipulagsfulltrúa um grenndarkynningu á byggingarleyfisumsókn vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóðinni að Engjavegi 7. Meðfylgjandi bréfinu voru uppdrættir af fyrirhuguðum framkvæmdum, nýjum dyrum á húsið, verönd (sólballi) og grindverki (skjólvegg). Á uppdráttunum kemur ekki fram fjarlægð skjólveggja og verandar frá lóðarmörkum, hvorki við Engjaveg 9 né við gangstéttina meðfram Engjavegi. Mælt af teikningu er fjarlægðin frá Engjavegi 9 um 50 til 100 cm og við gangstéttina um 100 til 130 cm. Þá teljum við einnig að hæð verandar yfir bakgarði hússins, suðaustur hlið, sé meiri en svo að hægt sé að tala um sólball, fremur væri hægt að tala um svalir í því samhengi.

Húseigendur að Engjavegi 7 höfðu áður kynnt okkur fyrirhugaðar framkvæmdir sem sneru þá einkum að byggingu sólballs í átt að húsi okkar við Engjaveg 9. Ekki voru gerðar athugasemdir af okkar hálfu við þær framkvæmdir eins og þeim var lýst þá.

Samkvæmt uppdráttunum, og því sem þegar hefur verið byggt, kemur í ljós að framkvæmdir eru mun umfangsmeiri en okkur hafði áður verið kynnt. Má þar nefna skjólvegg, 180 cm að hæð í einungis um 80 – 90 cm fjarlægð frá lóðarmörkum við Engjaveg 9 og litlu meira við lóðarmörk meðfram götunni. Við gerum athugasemdir við þetta háan skjólvegg svo nálægt lóðarmörkum þar sem hann mun auka mjög snjósöfnun á bílastæði framan við bílgeymslu okkar og einnig minnka verulega útsýni út á götuna þegar bíl er bakkað út úr bílastæðinu. Það sama á einnig við um svo háan skjólvegg þetta nálægt lóðarmörkum við götuna, meiri snjósöfnun og minna útsýni frá bílastæðinu. Auk þess sem skjólveggurinn þrengir almennt að húsinu og skerðir útsýni almennt frá því. Í þessu sambandi er rétt að benda á grein 2.3.5 í byggingarreglugerð um hæð sólpalla (veranda) frá jarðvegsyfirborði og hæð skjólveggja (grindverka) miðað við fjarlægð frá lóðarmörkum aðliggjandi lóða og gatna.

Niðurstaða okkar er því sú að framkvæmdin eins og hún er áætluð, samkvæmt teikningum, sé ekki í samræmi við reglugerðir hvað varðar hæð á skjólvegg (grindverki) og hæð á verönd/svölum og fjarlægð frá lóðarmörkum og leggjumst við því alfarið gegn þessum framkvæmdum. Miðað við framkvæmdina eins og hún lítur út í dag eru komnar svalir við húsið frekar en verönd og finnst okkur þetta þrengja verulega að okkur og vera það nálægt að ónæði skapist. Við veltum einnig fyrir okkur brunavörnum í þessu samhengi með þetta timburmannvirki svo nálægt húsinu okkar.

Gunnar Skagfjörð Sæmundsson
Sigríður Guðfinna Ásgeirsdóttir